

20. Fuglalíf í bænum og víðar.

Lesbók Morgunblaðsins.

VIII. árg. 1933. 42. tbl. bls. 329-331

Lesbók


Morgunblaðsins

42. tölublað.

Sunnudaginn 29. október 1933.

VIII. árgangur.

Ísafoldarprentsmíðja h.f.



Svanir á Tjörninni.

Fuglalíf

í bænum og víðar.

Eftir Jón Pálsson.

Jeg ólst upp við mikið og marg breytt fuglalíf, og hefir mjer aldrei fundist vorið vera komið, fyr en krían gerði vart við sig um lokaleytið. Hún kom venjulega um 11. maí austanfjalls og hingað um 14. maí. Árið 1893 brá hún þó þessari venju sinni, því þá kom hún 4. maí eystra. (1877, 1881, 1882 og 1889, 8. og 9. maí, 1887, 1888 og 1890, 22. og 23. maí. (Heimild: P. N.)

Þótt lóan sje venjulega nefnd „vorboðinn ljúfi“, lendir hún oft í vorhretunum og lokarumbunni um sumarmálaleytið, en krían hummar oftast slík veður af sjer og er því rjettnefndari vorboðinn ljúfi, enda gerir sjaldan vond veður eftir að hún er komin. — Ýmsir halda því fram, að krían sje „mesti vargur“. Það er satt, að hún er dugleg og lætur ekki troða sjer um tær, en aldrei hefi jeg heyrt, eða orðið var við, að hún hafi gert neinum mein. Hún ver sig vel, afkvæmi sitt og verustað með mikilli hugþryði og hetjuskap, svo að miklu stærri og grimmari dýr og fuglar, fara óðara á flóttu er hún ræðst að þeim og ver hún þá einnig oft

aðra meinlausa fugla og afkvæmi þeirra fyrir ýmsum rándýrum. Jeg hefi oft tekið eftir ýmsu merkilegu og skrítnu í fari þessa fagra og fjöruga fugls og kann ýmsar sögur af því að segja, einmitt frá „búskap“ hans hjer í Tjarnarhólmanum. Skal jeg í því efni minna á frásögnina um viðureign hennar við kisu eina, sem ætlaði að fara að gæða sjer á nýju kjöti, löngu áður en jafnvel nokkurum Reykvikingi kom til hugar að láta senda sjer mánaðargamalt lamb til slátrunar.

Það var um fardaga leytið, að kisa labbaði niður að tjörn og sá kríu eina sitja á vegarbrúnni, yst við tjörnina, en vegna þess að kisa sá sjer ekki fært að ganga beint að henni, læddist hún niður fyrir bakkann og stíkl-
aði þar á grjótinu — sem jeg tel að ðgi að nota til að byggja fleiri hólma í tjörninni — uns hún var komin á móts við kríuna, þar sem hún sat andvaralaus og ugðei ekki að sjer. Hljóp þá kisa upp á bakkann, hremdi kríuna í snatri og labbaði ofur rólega með hana í gininu suður á leið til Hljóm-skálans. Þetta sáu kríurnar í hól

anum: Að fjelagssystir þeirra ein var í óvinahöndum og dauðadæmd — enda voru þær ekki lengi að átta sig á því eða þinga um það hvað gera skyldi. Hersingin öll úr hólmanum þrýst svo ákveðið og einhuga að kisu, með barsmið, argi og ógnunum, að hún sá sinn kost vænstan að sleppa herfangi sínu möglunarlaust og „leggja niður skottið“. Kríurnar fylgdu síðan hinni hernumdu stallsystur sinni óskaddaðri heim í hólmann aftur, til heimkynna þeirra allra. Kettir „læsa“, aldrei herfang sitt svo, að fórnardýrið deyi strax: Þeim er um að gera að það lifi sem lengst, þeim til leiks og skemtunar, uns yfir lýkur. —

Í sumar sá jeg tvær veiðibjöllur ráðast með mikilli grimd að andarungum á tjörninni; þær gerðu hverja tilraunina eftir aðra að hremma þessu litlu grey, nýskriðin úr skurninni. Veiðibjöllurnar ýlfruðu og veinuðu af grimd og græðgi, en endurnar gátu ekki varið ungana með öðru en því að teygja fram álkuna og garga að veiðibjöllunum, en alt það gargtóku þær ekki til greina; aftur á móti tjáði þeim ekki að reisa rönd

við herskara þeim sem hólmann byggði, því hann kom nú í einni fylkingu og virtist segja: „Hjer er okkar friðland, snáfið þið í burtu, vargarnir ykkar!“ Veiðibjöllurnar hörfuðu frá í bili, flugu emjandi og skrækjandi vestur yfir Landakotstún, sveimuðu þar stundarkorn, en komu að vörmu spori aftur og byrjuðu á nýjan leik, en ávalt var tekið mannlega á móti, svo að ræningjarnir urðu að snauta á brott, snauðir og slyppir undan þessu litla dýri, kríunni, og leita fyrir sjer um annað æti, en andarunga, norður á Reykjavíkurtjörn.

Síðan viltu endurnar fóru að hafast við á tjörninni, — en þangað hafa þær flykst hópum saman með marga unga hver, einkum síðan hólminn var stækkaður, — hefi jeg og eflaust fleiri, tekið eftir því, að börn á öllum aldri hafa hópast niður að tjörn, með svo að segja fullar hendur af brauði, til að gefa þeim og ungum þeirra. Við þetta hafa endurnar og ungarnir orðið svo spakir, að börnin hafa jafnvel getað látið fuglana tína brauðmolana úr lófa sínum, og endurnar verið ugglausear um unga sína, þótt þeir kæmu svo nærri börnunum. Var oft ánægjulegt að sjá áhuga margra barna hjer í bænum fyrir því, að gleðja þessa nýju gesti sína og kynnast þeim sem best. Er því hjer, þótt í litlu sje, áreiðanlega um gott uppeldismeðal að ræða fyrir börnin og sennilega betra og gagnlegra en margan grunar.

Í sambandi við þetta ætla jeg að bæta við smásögu einni, er jeg álit að sje lærdómsrík: Tvær veiðibjöllur sitja á skeri og á litlu lóni þar rjett hjá situr önd ein með níu ungum sínum, nýskriðnum úr eggjum og uggir ekki að sjer, uns svo er fallið út úr lóninu, að hún er orðin inniteppa, enda eru ungarnir svo smáir, að þeir geta ekki skriðið yfir skerin, og eftir þessu voru veiðibjöllurnar að bíða; en þegar svo er komið fyrir öndinni og ungunum, taka veiðibjöllurnar sig upp og setjast í mesta sakleysi hjá þeim og slást

þannig í hópinn, eins og þær sjeu vinveittir „fjelagar“. Ungarnir urðu hræddir og stungu sjer í sjóinn hver af öðrum. Veiðibjöllurnar ætluðust einmitt til þessa og vissu, að þeir gætu ekki verið lengur í kafi en góðu hófi gengdi og að þeir mundu bráðlega verða að skjóta upp litlu kollunum, en þá hremdu þær þá hvern eftir annan og átu, unz ekki var eftir nema einn ungi, sem gat skýlt sjer undir öðrum væng móður sinnar. Hún gat ekki varið nema hann einan, hinir allir hurfu ofan í gapandi gin hinna gráðugu varga. Söguna sagði mjer maður, sem til sá, en hafðist ekkert að til bjargar. Er nú ekki líklegt, að börn þau, er lesa þessa litlu sögu, sjái í anda hörmungar þær sem móðirir átti við að stríða, með því að verða að horfa á það með eigin augum, að öll börnin hennar, nema aðeins eitt, voru að smátínast upp í opin gin óvinanna? Mundu þau ekki sjá vanmátt móðurinnar til að vernda afkvæmi sín, en um leið örþrifa ráð móðurkærleikans til að bjarga því sem bjargað varð? Mundi ekki margt gott barnið óska þess, að það hefði verið þarna nærstatt til að geta hlaupið til og stuggað við óvinum þessara litlu smælingja og bjargað einhverjum þeirra? En „það deyr svo margur, að enginn bjargar“. Og er þetta ekki áminning til vor mannanna um það, að margt barnið deyr, ýmist vegna þess, að móðirin getur ekki bjargað því, eða vegna þess, að yjer stöndum hjá og horfum á, en höfumst ekkert að til bjargar?

Jeg hefi oft sjeð kríur sitja á gangreitunum sunnan við Hljóm-skálann og maka þeirra flytja þeim maðka og annað æti, fljúga síðan fram og aftur yfir túnunum og sækja meira af slíku tæi og endurtaka þetta allt að 20 sinnum í senn. Síðan hafa þær skift á um þetta þannig, að sú krían sem áður flaug og færði hinni björgina, settist niður, en þá flaug hin upp og færði þeirri sem sat, matinn, á sama hátt og hún hefði gert áður.

Þá er og alkunna, að krí-

ur, eins og margir aðrir fuglar, fara oft mjög nærri um veðurbreytingar. Menn geta reitt sig á, að þær vita oft jafnlangt nefi sínu í þeim efnum og eru engu skeikulli en veðurspáin í útvarpinu á stundum. Takið eftir hátterni kríunnar í langvarandi þurki: Einn góðan veðurdag er hún komin út um öll tún, þótt hjart og heiðskirt veður sje, og enginn sje uggandi um regn; sveimar hún þá yfir túnunum, sest niður og flýgur upp, eins og hún sje að vakka yfir einhverju æti. Daginn eftir, eða jafnvel næstu nótt, er komin úrhellisrigning. Þetta finnur ánamaðkurinn á sjer og skriður því upp á yfirborðið, til þess að svala þorsta sínum og krían veit hvað honum líður, nær þannig í hann og ténir hann upp úr moldinni og grasinu.

Fyrst eftir að jeg kom hingað til bæjarins, nú fyrir rúmum 30 árum, var engum fugli viðvært hjer á tjörninni eða nálægt bænum: Alt var skotið, sært eða drep- ið miskunarlaust. Nú eru fuglarnir látnir vera í friði, a. m. k. að miklu leyti, ekki einungis af fullorðnu fólki, heldur og börnunum, sem daglega hópast að þeim, hvar sem þau sjá þá, og hafa yndi af að horfa á þá, gefa þeim þrand eða annan mat, jafnvel úr lófa sínum. Þetta er vegna þess, að börnin eru farin að venjast fuglunum, líta á þá sem vini sína og nokkurs konar leikfjelaga, er þau hafa yndi af að gleðja og umgangast daglega, horfa á háttalag þeirra, venjur og siði. — Á þennan hátt læra börnin að skilja þarfir dýranna og reyna að bæta kjör þeirra eftir bestu getu; þess vegna er nauðsynlegt að þau njóti leiðbeininga hinna eldri og uppfunar í öllu því, er orðið gæti til þess að sýna öllu því sem lifir meðaumkun og kærleika, ekki síst dýrunum, sem áreiðanlega hafa næman skilning, þótt mismunandi sje, á því, sem fram við þau kemur frá mannanna hendi, þótt ekki geti þau til þess sagt.

Einna áhrifamesta og gleðilegasta sönnunin fyrir því, að umgengni barnanna við fugla og

önnur dýr, sje allþýðingarmikið uppeldismeðal fyrir börnin, hefi jeg sjeð og reynt á undanförnum sumrum við næstum daglega viðkynningu mína við börn þau, sem dvalið hafa á barnaheimili Odd-Fellowa við Silungapoll.

Þar er allfjölbreytt fuglalíf, kríur, endur, lóur, spóar, mariuerlur og mýrispítur, sólskríkjur, steindeplar og stelkar. Flestar tegundir þessara fugla hafa átt hreiður sín, ýmist í hrauninu eða mjög nærri barnaheimilinu og haft næði til þess að unga þar út eggjum sínum. Hvað hafa svo börnin gert við fyrstu viðkynningu þeirra við þessa smáu og saklausu nágranna sína? — Sum þeirra hafa þegar í fyrstu áreitt þá og elt á röndum, en jafnskjótt sem þeim hefir verið bent á, að þetta mætti þau ekki gera, heldur þvert á móti að hæna þá að sjer, kynnast þeim sem best og reyna að venja þá, hafa þau lagt allan óvanda niður, og fundið ánægju sína í því, að fylgjast sem best með öllu hátterni þessara nýju vina sinna. Það leið því ekki á löngu, að þau kæmu með sína skýrsluna hvert, í hvert sinn er jeg heimsótti þau, um það, að hjer eða þar ætti þessi eða hinn fuglinn hreiður sitt og svo eða svo mörg egg væri í hverju hreiðri sem sjálfsagt væri að hlynna að á alla lund, en einkum þó að láta njóta friðar og næðis, þangað til sú gleðistund væri upp runnin, að ungarnir gætu farið að þiggja mat af þeim, labba úr hreiðrinu og síðan að læra að fljúga eða synda með foreldrum sínum. — Börnin vöndust því fljótt á að fylgjast vel með búskapnum á barnahælum þessara smælingja, fuglanna, engu síður en aðbúnaði þeirra sjálfra á þeirra eigin barnaheimili.

Lóa ein átti hreiður sitt í sama rimabarðinu, sem börnin áttu rólur sínar í sumar. Í fyrstu varð hún vitanlega fyrir nokkru ónæði þegar börnin voru að leika sjer rjett hjá henni, en til þess að spekja hana, tóku þau sjálf upp á því að flytja sig og leika sína á annan stað, því nægir voru leik-


vellirnir. Síðan völdu þau einn eða tvo úr sínum hóp til þess að færa lóunni maðka og brauðmylsnu í hreiðrið, einu sinni eða tvisvar á dag og því oftast sem lengur leið. Þetta hafði þau áhrif, að lóan varð svo spök, að þau gátu jafnvjelrjett henni hvern maðkinn af öðrum og látið hana tína þá eða grípa úr lófa sínum, og síðar, er hún hafði ungað út, mötuðu þau ungana á möðkum, ormum og annari sælgætisfæðu.

Auk fjölskyldu þessara var og í hrauninu og á Silungapollu fjöldi annara fugla, sem eins stóð á fyrir og ljetu börnin sjer ant um að þeir væru naðurlausir, uns þeir höfðu lokið ætlunarverki sínu. — Hraunbúunum færðu þau maðka og andarungunum hornsíli í hreiður þeirra.

Árangurinn af öllu þessu varð því sá, að í stað þess að áreita og elta fuglana með grjótkasti, ópum og ærslum, varð ánægjan og yndisbótin sú ein og best, að sjá og sannfærast um að þau, börnin, hefðu eignast fjölda vina, sem þau myndu aldrei gleyma, fremur en öðrum leiksystkinum sínum þar efra, þótt af öðru sauðahúsi væri.

Fleiri sögur af líku tæi gæti jeg sagt, frá umliðnum sumrum, en læt þetta nægja í bili; aðeins vil jeg spyrja: Er þetta ekki eitthvað í áttina til nærgætni og vinsemdar við saklausu málleysingjana og smádyrin? Er þetta ekki gott uppeldismeðal fyrir börnin, fult eins góður skóli og hollur lærdomur eins og það, að þau fái einhverja nasasjón af því, hversu marga menn, saklausar konur og börn þeir drápu og myrtu, herkonungarnar fornu, sem sagan getur um og neytt er upp á börnin að læra?

Það er margsinnis reynt og sannað, að sjeu börnin vanin á að umgangast dýrin með nærgætni, velvild og varúð, verða börnin sjaldan vondar manneskjur. Þótt börni blaki hendi sinni hvert við öðru, ef svo ber undir, að þeim sinnist eitthvað sín á milli, þarf það ekki að vera neinn vottur um illt innræti; en hafi barnið það sjer til yndisbóta, að



Helen Hayes

ein af nýjustu „filmstjörnunum“ í Bandaríkjum, og af mörgum talin hin efnilegasta af ungum leikkonum þar.

klípa kött í rófunu, sparka fæti við hundi, lama fugl, ræna eggjum úr hreiðri eða drepa unga eða yfirhöfuð að hrekkja saklausar skepnur, þá hefir slíkt barn sjaldnast góðan mann að geyma og verður áreiðanlega ekki betri maður fyrir þá sök. „Í gamla daga“ var þetta kallað „óláns merki“, enda mun engin gæfa fylgja slíkum óvanda.

Kem jeg þá aftur að því sem jeg hefi víkið að áður, að aðaltilgangur minn var með línunum þessum, að benda á nauðsynina fyrir því, að fuglalífið sje glætt sem mest og best hjer í bænum. Nærtækasta og ódýrasta ráðið tel jeg það, að hólminn í tjörninni sje stækkaður og 2 eða 3 hólmar byggðir þar í viðbót. Eða hvers er annars fremur þörf, nú, á þessum trúleysis, óeirða- og ærslatímum, en venja börnin á að hafa yndi af því að gleðja fremur menn og málleysingja en að angra þá eða græta?

Góðir foreldrar! Venjið börn yðar nógu snemma á að sýna öllu því sem lifir — og þá ekki síst dýrunum — meðaumkun, miskunsemi og kærleika. Þau verða áreiðanlega betri menn og göfugri við það, en alls ekki lakari.